**3247. fundur bæjarráðs, haldinn í fundarherbergi 3. hæð, Stillholti 16-18, 12. febrúar 2015 og hófst hann kl. 17:15**

**Fundinn sátu:**
Ólafur Adolfsson formaður, Valdís Eyjólfsdóttir varaformaður, Ingibjörg Valdimarsdóttir aðalmaður, Vilborg Þ. Guðbjartsdóttir áheyrnarfulltrúi, Ingibjörg Pálmadóttir áheyrnarfulltrúi, Regína Ásvaldsdóttir bæjarstjóri og Steinar Dagur Adolfsson sviðsstjóri stjórnsýslu- og fjármálasviðs.

**Fundargerð ritaði:** Steinar Adolfsson, sviðsstjóri.

**Fyrir tekið:**

1. **1411188 - Sjóður - styrkir til viðhalds fasteigna á Akranesi.**

Skipulags- og umhverfisráð samþykkti á fundi sínum 29.1.2015, tillögu að reglum fyrir sjóðinn og vísar til samþykktar í bæjarráði.

*Bæjarráð samþykkir reglurnar með tilteknum breytingum og vísar þeim til bæjarstjórnar til staðfestingar.*

2. **1411071 - Framkvæmdaáætlun 2015 - ráðstöfun fjármuna**

Skipulags- og umhverfisráð samþykkti á fundi sínum þann 29.1.2015, tillögu að framkvæmdaáætlun 2015 og vísar henni til samþykktar í bæjarráði.

*Bæjarráð samþykkir fyrirliggjandi framkvæmdaáætlun vegna ársins 2015 og vísar henni til bæjarstjórnar til staðfestingar.*

3. **1502105 - Verk- og tímaáætlun fjármálasviðs v/ mánaða- og árshlutauppgjöra og fjárhagsáætlunargerðar**

*Bæjarráð samþykkir fyrirliggjandi verk- og tímaáætlun stjórnsýslu- og fjármálasviðs um framlagningu mánaða- og árshlutauppgjöra árið 2015.*

4. **1405164 - Þjóðvegur 15 a, hitaveitutankur**

Gatnagerðargjöld vegna nýs hitaveitugeymis Orkuveitu Reykjavíkur - Veitna við Þjóðveg 15/15A.

*Bæjarráð samþykkir að greiðsla OR vegna gatnagerðargjalda vegna byggingu nýs hitaveitutanks við Þjóðbraut 15a verði kr. 16.896.525.*

*Bæjarráð vísar ákvörðuninni til bæjarstjórnar til samþykktar.*

5. **1502116 - Akraneskaupstaður - stefnumótun og framtíðarsýn**

Bæjarráð ákvað á fundi sínum þann 29. janúar síðastliðinn að farið yrði í stefnumótunarvinnu og fól bæjarstjóra frekari úrvinnslu málsins.

*Bæjarráð samþykkir allt að kr. 1.250.000, vegna fyrirhugaðrar vinnu við stefnumótun og framtíðarsýn Akraneskaupstaðar.*

*Fjárhæðinni verður ráðstafað af liðnum aðkeypt önnur vinna 20830-4980.*

**6. 1410121 - Mannfjöldaspá fyrir Akranes**

Í lok síðasta árs var sviðsstjórum skóla- og frístundasviðs og skipulags- og umhverfissviðs falið að undirbúa mat á mögulegri þróun í skóla- og búsetumálum á Akranesi.

*Bæjarráð samþykkir að ráðstafa kr. 500.000 til kaupa á skýrslu um mannfjöldaspá fyrir Akranes sem unnin verði af Vífli Karlssyni hagfræðingi hjá Samtökum sveitarfélaga á Vesturlandi.*

*Fjárhæðinni skal ráðstafað af liðnum aðkeypt önnur vinna 20830-4980.*

**7. 1408142 - 100 ára kosningaréttur kvenna**

*Bæjarráð samþykkir að leita umsagnar hjá menningar- og safnanefnd varðandi sýningu er varðar aldarlanga sögu heilbrigðisþjónustu á Akranesi í tengslum við 100 ára kosningarétt kvenna.*

**8. 1411142 - Menningarmál - samningur um úttekt**

Úttektarskýrsla á rekstri menningarmála hjá Akraneskaupstað

*Bæjarráð vísar skýrslunni til umsagnar menningar- og safnanefndar.*

**9. 1502119 - Blómfríður SH 422 - bátafriðun**

Erindi Valdimars Harðarsonar dags. 9.2 2015.

*Bæjarráð getur því miður ekki orðið við erindinu.*

**10. 1502103 - Umsókn um byggingarlóð**

Umsókn Björgvins Sævar Matthíassonar um byggingarlóð við Seljuskóga 16.

*Bæjarráð samþykkir úthlutun lóðarinnar Seljuskógar 16 til Björgvins Sævars Matthíassonar.*

**11. 1502104 - Umsókn um byggingarlóð**

Umsókn Björgvins Sævar Matthíassonar um byggingarlóð við Seljuskóga 20.

*Bæjarráð samþykkir úthlutun lóðarinnar Seljuskógar 20 til Björgvins Sævars Matthíassonar.*

**12. 1502121 - Baugalundur 16 - umsókn um lóð**

*Bæjarráð samþykkir úthlutun lóðarinnar Baugalundur 16 til Jóns Sigurðssonar.*

## 13. 1410157 - Styrkir 2015 til íþrótta- atvinnu- og menningarmála og annarra mála

Tillögur menningar- og safnanefndar um úthlutun styrkja 2015 til íþrótta- atvinnu- menningarmála og annarra mála er varða umsóknir sem heyra undir starfssvið nefndarinnar.

*Bæjarráð samþykkir útlutun styrkja samkvæmt fyrirliggjandi gögnum og felur bæjarstjóra nánari útfærslu á greiðslu styrkjanna.*

*Úthlutunin er eftirfarandi:*
*Karlakórinn Svanir, vegna vinnslu í hljóðveri, kr. 180.000.*
*Grundaskóli, vegna söngleiks, kr. 500.000.*
*Siglingafélag Reykjavíkur, vegna mótshalds, kr. 40.000.*
*Dagbjört Guðmundsdóttir, vegna verkefnis um Akraborgina,kr. 400.000.*
*Kvennakórinn Ymur Akranesi, vegna 20 ára afmæli kórsins kr. 150.000.*
*Kór Akraneskirkju, vegna tónleika á árinu, kr. 120.000.*
*Ingveldur María Hjartardóttir, vegna tónleika á Akranesi, kr. 100.000.*
*Aldís Fjóla B. Ásgeirsdóttir, vegna tónlistarveislu á Akranesi, kr. 100.000.*
*Bjarki Sveinbjörnsson, vegna skráning heimilda, kr. 125.000.*
*Skagaleikflokkurinn, vegna uppsetningar á leiksýningu, kr. 650.000.*
*Sjóbaðsfélag Akraness, vegna mótshalds á þríþraut á Akranesi, kr. 100.000.*
*Sundfélag Akraness, vegna kaupa ungbarnasunds, kr. 100.000.*
*Körfuknattleiksfélag Akraness, vegna endurnýjunar á búnaði, kr. 100.000.*
*Sundfélag Akraness, vegna kostnaðar við æfingar,kr. 59.114.*
*Karatefélag Akraness, vegna æfingabúða fyrir ungmenni,kr. 75.000.*
*Siglingarsamband Íslands, vegna æfingabúða og siglingakennslu,kr. 100.000.*
*Fimleikafélag Akraness, vegna áhaldakaupa,kr. 500.000.*
*Fimleikafélag Akraness, vegna húsaleigu,kr. 240.000.*
*Íþróttafélagið Þjótur, vegna ýmis konar kostnaðar (ferða og rekstrar), kr. 300.000.*
*Egill Guðvarður Guðlaugsson, vegna ferðastyrks, kr. 150.000.*
*Klifurfélag Akraness, vegna stækkunar klifurveggs og til að bæta aðstöðu, kr. 150.000.*
*Valdís Þóra Jónsdóttir, vegna ferðakostnaðar, kr. 200.000.*
*Golfklúbburinn Leynir, vegna 50 ára afmæli klúbbsins,kr. 400.000.*
*Símenntunarmiðstöð Vesturlands, vegna listnámsbrautar á Akranesi,kr. 150.000.*
*Stígamót, vegna rekstrarstyrks, kr. 200.000.*
*Kvennaathvarfið, vegna rekstrarstyrks,kr. 200.000.*
*Norræna félagið, vegna vinabæjarmóta, kr. 50.000*
*Dreyri hestamannafélag, vegna ferðakostnaðar, kr. 50.000*
*Hanna Þóra Guðbrandsdóttir, vegna Sögu- og söngstundar fyrir börn á laugardögum, kr. 50.000*

## 14. 1206151 - Laugafiskur - lyktarmengun

Eftirlitsskýrsla Heilbrigðiseftirlitsins dags. 4.2.2015.

*Eftirlitsskýrsla Heilbrigðiseftirlits Vesturlands lögð fram til kynningar.*

## 15. 1501420 - Frumvarp til laga nr. 456 - um Menntamálastofnun

Beiðni frá Alþingi um umsögn á frumvarpi til laga um Menntamálastofnun (heildarlög).

*Frumvarpið lagt fram til kynningar.*

**16. 1501419 - Frumvarp til laga nr. 426 - um grunnskóla**

Beiðni frá Alþingi um umsögn á frumvarpi til laga um grunnskóla (kæruleiðir, einkareknir skólar o.fl.)

*Frumvarpið lagt fram til kynningar.*

**17. 1502081 - Frumvarp til laga nr. 237 - um húsaleigubætur (námsmenn)**

Beiðni frá Alþingi um umsögn á frumvarpi til laga um húsaleigubætur (námsmenn).

*Frumvarpið lagt fram til kynningar.*

**18. 1501214 - Fundargerðir 2015 - starfshópur um Sementsreit**

5. fundargerð starfshóps um Sementsreit frá 19.1.2015.

*Fundargerðin lögð fram til kynningar.*

**19. 1501219 - Fundargerðir 2015 - Samband ísl. sveitarfélaga**

824. fundargerð stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga.

*Fundargerðin lögð fram til kynningar.*

**Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 21:15.**